

sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 15 daga, en ella komi í hennar stað einfalt fangelsi í 10 daga. Það verður að svifta hann æfilangt leyfi til að stjórna bifreið og dæma hann til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 12. dezbr. 1932.

Nr. 122/1931. **Júlíus Bjarnason** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

Jóni Þorkelssyni (Sjálfur).

Krafa um bætur vegna vanefnda eigi tekin til greina.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. maí 1931: Stefndur, Jón Þorkelsson, greiði stefnandanum, Júlíusi Bjarnasyni, kr. 140,00 með 6% ársvöxtum frá 6. júní 1930 til greiðsludags og kr. 60,00 í málskostnað, innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir gert þær kröfur fyrir hæstarétti, *aðallega*, að hinum áfrýjaða dómi verði þannig breytt, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 790,00 með 6% ársvöxtum frá 12. okt. 1929 eða til vara frá 6. júní 1930, *en til vara*, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 508,33, sem sé þær kr. 140,00, sem áfrýjanda voru dæmdar í héraði, og $1\frac{7}{30}$ hluta af þeim kr. 650,00, er metið var hið óunna af verkinu, og hann telur, að hefði komið í sinn hlut í vinnulaun, ef hann hefði innt verkið allt af hendi, ásamt vöxtum sem fyrr segir. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Stefndi hefir krafizt þess aðallega, að hann verði með öllu sýknaður af kröfu áfrýjanda, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum. Með því að stefndi hefir ekki áfrýjað málinu, þá kemur aðalkrafa hans ekki til greina hér fyrir dómi.

Áfrýjandi hefir ekki sannað, að hann hafi beðið tjón af riftun samningsins frá 23. júlí 1929, þeim, er í máli þessu greinir. Kröfur hans verða því ekki teknar til greina, að því leyti, sem þær fela í sér tilkall til greiðslu fyrir þann hluta verksins, sem hann hafði ekki af hendi leyst, þegar hann hætti við verkið. Hinsvegar á hann tilkall til greiðslu fyrir þann hluta verksins, sem hann hafði leyst af hendi, þegar hann hætti vinnunni, að svo miklu leyti sem hún var ekki fullgreidd með því, er hann hafði þá fengið hjá stefnda upp í vinnulaunin.

Matið á því, sem óunnið var af verkinu, verður að telja miðað við það, að verkið allt kostaði kr. 2350,00, eins og í samningnum 23. júlí 1929 segir, en hinn óunni hluti þess var metinn kr. 650. Samkvæmt þessu hefir áfrýjandi átt ólokið sem svarar $\frac{650}{2350}$ eða $\frac{13}{47}$ hluta af verkinu, þegar hann hætti vinnunni, og því á þeim tíma lokið $\frac{34}{47}$ hlutum verksins. Fyrir vinnuna hefði honum því að réttri tiltölu borið $\frac{34}{47}$ hlutar af kr. 2350,00 eða kr. 1700,00, en hann hefir fengið greiddar kr. 1560,00 og á því nú ógreiddar kr. 140,00, sem honum voru dæmdar í héraði því, sem sáttakæran, er áfrýjandi höfðaði málið í fyrstu, er út gefin 12. okt. 1929, virðist rétt að dæma honum vexti af upphæð þessari frá þeim degi. Það verður því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með framantöldum athugasemdum

og með áðurnefndri breytingu á ákvæði hans um vaxtagreiðsluna.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað fyrir hæstarétti falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður, þó svo, að stefndi greiði áfrýjanda vexti af hinni dæmdu upphæð frá 12. okt. 1929.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 7. nóv. 1929, af Júlíusi Bjarnasyni trésmið hér í bæ gegn Jóni Þorkelsyni, Njálsgötu 79 hér í bænum, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 1490,00 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 13. okt. 1929, til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Tildrög málsins eru þau, að með samningi, dags. 25. júlí 1929, sem lagður hefir verið fram í eftirriti, tók stefnandi að sér að leggja fram trésmiðavinnu við hús það, sem stefndur hafði þá í smiðum hér í bænum, og er í samningnum nánar tekið til hvaða verk stefnandi hafi átt að inna af hendi við húsið, og verkkaupið ákveðið kr. 2350,00. Skyldi verkinu lokið á ca. 2 mánuðum og verkkaupið greiðast með kr. 260,00 vikulega og stefndur sjá um, að efni væri ávallt til staðar er þess þyrfti með, þannig að á því stæði ekki.

Nú kveður stefnandi, að stefndur hafi í ýmsu vanefnt umræddan samning, bæði hafi oft staðið á efni hjá honum, þannig að menn sinir hafi verið verklausir af þessum ástæðum, svo hafi og þegar frá byrjun gengið treglega að fá greiðslur hjá stefnda, og loks hafi hann alveg

neitað að borga, er hann hafi verið krafinn um greiðslu fyrir vikuna 16.—23. sept. 1929. Kveðst stefnandi þrátt fyrir þetta þó enn hafa unnið eina viku að verkinu en síðan hætt, þegar hann hafi heldur ekki fengið greiðslu fyrir hana, og stefndur hafi ekki, er hér var komið, þrátt fyrir áskorun þar um sett tryggingu fyrir greiðslu eftirstöðva verkkaupsins, að verkinu loknu, en þær hafi numið kr. 790,00.

Hefir stefnandi í byrjun málssóknarinnar byggt kröfur sínar á þeim grundvelli, að hann hafi þegar hann hætti við verkið átt hjá stefndum fyrir tveggja vikna vinnu kr. 520,00, en við það bætist atvinnutjón, er stefndandi telur sig hafa orðið fyrir og skaðabætur, er hann kveður sig hafa orðið að greiða starfsmönnum sínum hvorutveggja vegna vanefnda stefnds, og hefir hann áætlað tjón sitt af þessum ástæðum kr. 970,00 og kemur framangreind stefnukrafa hans, kr. 1490,00, þannig fram. En með framhaldssök höfðaðri með utanréttarstefnu, dags. 11. júní f. á., hefir stefnandi fallið frá framangreindum köfum, en krafizt þess í staðinn, að stefndur verði dæmdur til þess að greiða honum það, sem eftir stóð ógreitt af verkkaupinu, er hann hætti eða kr. 790,00 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi framhaldssakar, 6. júní 1930 til greiðsludags, svo og málskostnað. Reisir stefnandi kröfur sínar í framhaldssökinni á þeim grundvelli, að umræddur samningur sé verksamningur, en framangreindar vanefndir stefnds á honum hafi verið svo verulegar, að hann hafi haft heimild til þess að rifta samningnum, hætta verkinu, og þar sem það sé þannig stefnds sök, að því hafi ekki verið að fullu lokið, telur hann sig eiga heimtingu á eftirstöðvum verkkaupsins eins og verkið hefði verið að fullu af hendi innt.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og haldið því fram, að hann hafi í engu vanefnt áðurgreindan samning. Staðhæfir hann, að svo hafi verið munnlega um samið, að stefnandi skyldi alltaf segja til fyrirfram þegar hann þyrfti efnis með, svo að hægt væri að útvega það í tæka tíð. Ef staðið hafi á efni hjá sér, kveður stefndur, að það hafi þá eingöngu stafað af því, að stefnandi hafi brugðizt þessari sjálfsgöðu samningsskyldu sinni. Þá heldur stefndur því fram, að þó í samningnum sé tiltekið, að

kaupið skyldi greiðast með ákveðinni upphæð viku-
lega, þá hafi að sjálfsgöðu verið undirskilið, að verkið
gengi sæmilega, og kveður hann, að neitun sín gegn
greiðslu kaupsins fyrir áðurgreindar tvær vikur hafi
byggzt á því að um alllangan tíma hafi verkinu miðað
harla lítið hjá stefnanda, svo að sér hafi litizt svo, að það
yrði fyrirframgreiðsla, ef hann greiddi meira að sinni, en
það hafi alls ekki verið ætlunin þrátt fyrir orðalag samn-
ingsins, að stefnandi ætti heimtingu á greiðslu fyrirfram.
Hefir stefndur undir rekstri málsins fengið tvo menn út-
nefnda til þess að meta hvers virði verk það hafi ver-
ið, er stefnandi hafi átt óunnið, er hann hætti, af því, er
hann tók að sér með áðurgreindum samningi og hafa
matsmennirnir komizt að þeirri niðurstöðu við matið, er
báðum aðiljum var gefinn kostur á að vera við, sam-
kvæmt matsgerð, dags. 7. nóv. 1929, er fram hefir verið
lögð, að verk þetta muni hæfilega metið á kr. 650,00. Hefir
matsgerð þessi verið staðfest fyrir rétti af báðum mats-
mönnum, og telur stefndur, að það séu þannig aðeins
kr. 140,00, sem stefnandi hafi verið búinn að vinna fyrir
fram yfir það, sem hann hafi fengið goldið, en á móti
þessari upphæð komi bætur fyrir margvíslegt tjón, er
stefndur kveðst hafa beðið vegna þess, að stefnandi lauk
ekki verkinu og hefir stefndur á þessum grundvelli að-
allega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og máls-
kostnaðar hjá honum með kr. 170,00, en til vara, að hann
verði aðeins dæmdur til þess að greiða áðurgreindar kr.
140,00 og falli málskostnaður þá niður.

Málflutningur aðiljanna hér fyrir réttinum hefir nú að-
allega snúizt um það, að leitast við að upplýsa, að þeir
hvor fyrir sig hafi staðið við umræddan samning af sinni
hálfu, en hinsvegar hafi gagnaðilinn vanefnt hann, en eins
og málið horfir við virðist þessi atriði ekki hafa áhrif á úr-
slit þess. Það verður að teljast alveg ótvírætt að margum-
ræddur samningur sé verksamningur og litur rétturinn þá
svo á, að stefndum beri ekki að greiða fyrir verk það, sem
stefnandi hefir átt óunnið þegar hann hætti, eða með öðr-
um orðum að stefnandi eigi aðeins heimtingu á að fá greitt
hlutfallslega af verkkaupinu miðað við það hve verkinu
var langt komið, jafnvel þó það hefði verið stefnds sök,
að því varð ekki haldið áfram af stefnanda, en í því til-

felli ætti stefnandi einnig heimtingu á bótum sérstaklega fyrir tjón það, er hann þá hefði beðið vegna vanefnda stefnda. En nú hefir hvorugur aðiljanna sannað gegn mótmælum hins, að hafa beðið nokkurt tjón vegna þess, að verksamningurinn var ekki haldinn og skiptir því ekki máli í þessu falli að skera úr um það, hvor aðiljanna hafi átt sök á samningsslitunum, heldur ber eingöngu að byggja úrslit máls þessa á því hve langt verkinu og greiðslunum eftir verksamningnum var komið, er hætt var. Og þar sem áðurgreindri matsgerð hefir í engu verið hnekk, þykir verða að leggja hana til grundvallar um það, hve mikið verk stefnandi hefir átt óunnið þegar hann hætti og hefir hann þá, eins og stefndur heldur fram, verið búinn að vinna fyrir kr. 140,00 fram yfir það, sem hann hefir áður fengið greitt, og verða úrslit málsins þá samkvæmt framansögðu þau, að stefndur verður aðeins dæmdur til þess að greiða þá upphæð með vöxtum eins og krafizt hefir verið, þar eð vaxtahæðinni hefir ekki verið mótmælt sérstaklega. Svo þykir og eftir öllum mála-vöxtum rétt, að stefndur greiði stefnandanum kr. 60,00 í málskostnað.

Vegna embættisanna hefir dómur eigi verið kveðinn upp í máli þessu fyrr en nú.

Mánudaginn 19. dez. 1932.

Nr. 182/1932. **Réttvísín** (Lárus Fjeldsted)

gegn

Carsten Behrens (Pétur Magnússon)

og

Magnúsi Guðmundssyni

(Jón Ásbjörnsson).

Sýknun.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 9. nóv. 1932: Ákærður, Carsten Behrens, sæti fangelsi við venjulegt fangaviður-væri í 45 daga og skal auk þess sviftur rétti til að reka eða